



Hátíðardagskrá 17. júní 2014



GRINDAVÍKURBÆR

Hátíðardagskrá

Kl.08:00 Fánar dregnir að húni.

Kl.10:00 Hátíðarguðspjónusta í Grindavíkurkirkju.
Ræðumaður: Ásrún Kristinsdóttir deildarstjóri yngsta stigs Grunnskóla Grindavíkur.

Kór Grindavíkurkirkju syngur undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar organista. Einsöngur og dúett: Berta Dröfn Ómarsdóttir og Björg Pétursdóttir. Sr. Elínborg Gísladóttir þjónar fyrir altari. Boðið upp á kaffiveitingar eftir messu.

Kl.13:30 Karamelluregn á Landsbankatúninu.

Kl.13:45 Skrúðganga frá Landsbankatúninu að Kvikunni. Gengið niður Ránargötu.

Kl.14:00-16:00 Skemmtidagskrá við Kvikuna

- Setning: Formaður bæjarráðs, Kristín María Birgisdóttir, flytur ávarp.
- Ávarp fjallkonu: Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir.
- Búri og Bína skemmta börnunum.
- Skemmtilegustu barnalögin! Dúettinn Dúbilló með Pálmari Grindvíkingi Guðmundssyni og Svani Bjarka skemmta börnum á öllum aldri með skemmtilegustu barnalögnum, þar á meðal laginu Skúbbí Dú sem slegið hefur í gegn.

Kl. 15:00 Söngvakeppni 14 ára og yngri.

Forkeppni/æfing verður haldin í Kvennó mánudaginn 16. júní kl 18:00, skráning á staðnum. Vinsamlegast mætið með undirspil á geisladiski, á USB eða í síma.

Umsjón keppinnar: Pálmari Örn Guðmundsson.

- Hoppukastalar á hátíðarsvæðinu.
- Arctic Horses leyfa börnum að fara á hestbak frá kl. 14:30-16:30.
- Kynnir: Siggeir Fannar Ævarsson.
- Slysavarnarsveitin Þórkatla verður með kaffisölu í Kvikunni. Einnig verður sala á ýmsu góðgæti, blöðrum og fánum.

Kl. 16:00-17:00 Grindvík rokkar! Tónleikar við Kvikuna

Ungt grindvískt tónlistarfólk; rapparar og hljómsveitir, stíga á stökk á hátíðarsviðinu og spilar og syngur lögin sín, bæði frumsamin og eftir aðra. Ungt tónlistarfólk sem hefur áhuga að taka þátt í tónleikunum geta skráð sig á netfangið johanna@grindavik.is, eða í síma 660 7326. Umsjón: Jóhann Árni Ólafsson, frístunda-leiðbeinandi.



Kl. 20:00 Bubblebolti fyrir 14-18 ára á Grindavíkuvelli (aðalvellinginum).

Bubblebolti er eins og venjulegur fótbolti þar sem liðið sem skorar flest mörk vinnur. Eini munurinn er að hver og einn leikmaður spilar inni í stórra plastkúlu sem ver líkamann frá höfði niður að hnjám. Fótboltinn verður ennþá skemmtilegri þar sem leikmenn geta klesst á andstæðinginn og velt honum um koll. Ólíkt öðrum íþróttum er hvatt til þess að leikmenn lendi í samstuði! Allt er þetta gert til að komast að fótboltanum og fá frið til að skora mark.



Fyrirkomulag: 5 saman í liði (mega vera 10 í leikmannahóp). 8 lið, skipt í tvo riðla, sigurvegarinn í hvorum liði keppir til úrslita. Leiktími: 1x8 mín.

Skráning liða á netfangið johanna@grindavik.is eða í síma 660 7326. Átta fyrstu liðin sem skrá sig komast í keppnina.

ATH! Ef blautt er í veðri færast keppnin inn í íþróttahús.

Kl. 20:00 Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds með skemmtun og tónleika á Sjómannastofunni Vör.

Raggi Bjarna hitar upp fyrir 80 ára afmælishófið sitt í haust. Hann og Toggi í Tempó slá á léttu strengi, segja sögur úr bransanum og spila skemmtilega tónlist. Húsið opnar kl. 19:30.



Jónsmessugangan 2014

Jónsmessuganga Bláa Lónsins og Grindavíkurbæjar verður haldin laugardaginn 21. júní. Gangan hefst kl. 20.30 og lagt verður af stað frá Sundlaug Grindavíkur.



Gengið verður upp á fjallið Þorbjörn þar sem varðeldur verður tendraður. Áætlað er að ferðin taki um tvær og hálf klukkustund.

Tónlistarmennirnir Hreimur og Vignir munu sjá um söng og gítarspil á fjallinu.

Dagskráin endar í Bláa Lóninu þar sem þátttakendur geta notið Jónsmessunaturinnar í töfrandi umhverfi Bláa Lónsins.

Bláa Lónið verður opið til miðnætis þetta kvöld. Enginn þátttökukostnaður er í gönguna og eru þátttakendur á eigin ábyrgð. Þeim þátttakendum sem vilja njóta Blue Lagoon að göngu lokinni býðst aðgangur á sérverði, eða 3.200 krónur.



Sætaferðir verða með Kynniferðum frá BSÍ kl. 19.30 og SBK frá Reykjanesbæ kl. 20.00. Einnig verður boðið upp á sætaferðir frá Bláa Lóninu til Grindavíkur, Reykjanesbæjar kl. 01.00 og Reykjavíkur kl. 00.30. Sætaferð frá Reykjanesbæ kostar 1.500 kr. og sætaferð frá BSÍ 3.600 kr. Verðin miðast við ferðir báðar leiðir.

BLUE LAGOON
ICELAND

